

Malbikunarstöð Hlaðbær-Colas hf  
Gullhelli 1  
221 Hafnarfjörður

Akureyri, 5. október 2020  
UST202009-006/G.S.Á.  
08.06.02

**Efni: Eftirlit 2020 - Bikstöð - Hlaðbær-Colas - Fyrirvaralaust eftirlit þann 2.9.2020, hjá bikstöð, Malbikunarstöðvarinnar Hlaðbæjar-Colas hf.**

Þann 2. september sl. var farið í fyrirvaralaust eftirlit í bikstöð, Malbikunarstöðvarinnar Hlaðbæjar-Colas í Hafnarfirði til að fylgja eftir kvörtunum vegna lyktarmengunar í íbúabyggð á svæðinu. Í samræmi við 57. grein reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit sendist meðfylgjandi eftirlitsskýrsla.

**Ein ábending var sett fram í eftirlitinu er varðar að gæði hráefnis í vinnslu malbiks og eitt frávik var skráð er varðar:**


1. **Gr. 4.9 í starfsleyfi og 38. gr laga nr. 7/1998.** Rekstraraðili skal tryggja að ekki séu efni til staðar sem aukið geti mengunarhættu, þ.m.t. óæskilega lykt og ber að gera viðeigandi ráðstafanir til að koma í veg fyrir mengun með því að nota bestu aðgengilegu tækni og viðeigandi hráefni séu notuð til starfseminnar.

Í ljósi ofangreindis þá óskar Umhverfisstofnun eftir tímasettri áætlun um úrbætur á framangreindum atriðum í samræmi við 58. grein reglugerðar nr. 550/2018 og að áætlunin berist stofnuninni eins fljótt og auðið er, en þó og eigi síðar en 19. október 2020.

Virðingarfyllst,

*G. Stella Árnadóttir*

Guðbjörg Stella Árnadóttir  
Sérfræðingur



Gottskálk Friðgeirsson

**Afrit:**  
Heilbrigðisnefnd Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis

# EFTIRLITSSKÝRSLA

Malb.st. Hlaðbær-Colas (bikstöð) Hafnarfirði



Dags eftirlits	2.9.2020	Ábyrgðarmaður eftirlits	Guðbjörg Stella Árnadóttir
Fyrirtæki	Malb.st. Hlaðbær-Colas (bikstöð)	Eftirlitsmaður	Guðbjörg Stella Árnadóttir
Heimili	Óseyrarbraut 16	Tegund eftirlits	Fyrirvaralaust
Kennitala	4201871499	Flokkur	Olía
Fulltrúi fyrirtækis	Harpa Þrastardóttir	ÍSAT nr.	23.99
Fulltrúi fyrirtækis	Sigþór Sigurðsson	Staðsetning	

## NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Niðurstaða eftirlitsins er sú að rekstraraðili setur af stað rannsókn í samvinnu við eftirlitsaðila þar sem kvartanir verða bornar saman við tíma ádælingar á flutningsbíla, löndun biks úr skipum, vindrósir á svæðinu og annað sem komið gæti að gangi. Með því verður vonandi unnt að greina hvaðan lyktin er að berast og verður ákvörðun um næstu skref tekin að þeirri rannsókn lokinni.

Skv. símtali við rekstraraðila þann 16. sept sl. þá hefur komið í ljós að lyktina má rekja til átöppunar biks á flutningsbíla, er blöndun biks og lýsis á sér stað, en ekki bikgymanna sjálfra.

Eitt frávik kom fram við eftirlit er varðar lyktarmengun og ein ábending var sett fram er varðar gæði hráefna sem í notkun eru.

## UMFANG EFTIRLITS

Farið var í óvenjubundið eftirlit í Bikbirgðastöð Hlaðbæjar-Colas, Óseyrarbraut 16, Hafnarfirði í kjölfar kvartana sem borist hafa til Umhverfisstofnunar, Heilbrigðiseftirlits Kópavogs- og Hafnarfjarðar og rekstraraðila, um óeðlilega lykt frá starfseminni. Fundað var að Gullhellu 1 og síðan farið í eftirlitsferð að bikstöð.

Fyrstu kvartanirnar fóru að berast inn á Fésbókarhóppinn Holtið okkar þann 17. júlí sl. Talað er um meðna olíulykt, lykt af brenndum dekkjum, óþef og biklykt. Talað er um lykt í Hvaleyrarholtu, sem berst um hverfið helst á heitum dögum og í hlýju veðri er vindur er hægur. Lyktin sé svo megn að erfitt sé að vera utandyra, loka þurfi gluggum íbúðarhúsnæðis og jafnvel að íbúar finni fyrir ógleði og uppköstum. Lyktarinnar verður vart bæði nött sem dag. Fjarlægð þeirra staða sem kvartanirnar hafa borist frá, er frá 250m-800m frá bikstöðinni, til suðurs og suðausturs. Þeir sem kvarta eru sammála um að lyktarvandamál sem slikt hafi ekki komið fram fyrr en nú í sumar, en bikstöðin hefur verið starfandi á þessum stað frá árinu 1972.

Á fundinum kom fram að rekstraraðili tekur þessar kvartanir alvarlega og hefur hafið rannsókn á málinu. Ekki var vitað hvaðan lyktin kemu, er eftirlitið fór fram og verða kvartanirnar bornar saman við ádælingartíma flutningbíla, löndun biks úr skipum og annað sem talið er að geti gefið hugmynd um það hvað hér er um að ræða. Vindrósir verða skoðaðar og reynt verður að hafa samband við þá íbúa sem finna fyrir þessari lykt til að fá nánari mynd á málíð.

Rekstraraðili talar um að munur sé á biki á milli skipsfarma og þ.m.t. lykt efnisins. Hugsanlega gæti það efni sem kom nú í sumar verið lyktsterkara en það sem áður hefur verið, en starfsmenn hafi þó ekki tekið eftir breytingum þar á. Biki er landað í stöðina 4-5 sinnum ári frá janúar til september og kom síðasti farmur nú í lok ágúst sl. Engin starfsemi er að jafnaði frá desember og fram í febrúar ár hvert.

Farið var í vettvangsheimsókn í bikstöðina. Komið var að þegar ádælingu á flutningsbíl var að ljúka. Töluberð biklykt fannst á lóðinni og í kringum bílinn, en ekki var að greina mikla lykt þegar komið var út fyrir lóðina. Ekið var um hverfið með opinn glugga og ekki var hægt að greina olíu, bik eða aðra lykt sem orsakað gæti þessar kvartanir. Hægur vindur, um 3m/s til suðvesturs var er eftirlitið fór fram, þurr og hiti um 12°C. Staðfest er að lyktin sem kemur við ádælingu flutningsbíla er fremur þung biklykt sem getur valdið óþægindum sé hún í miklu magni.

**Frávik frá**

Gr. 4.9 í starfsleyfi og 38. gr laga nr.  
7/1998

**Lýsing á fráviki**

Rekstraraðili skal tryggja að ekki séu efni til staðar sem aukið geti mengunarhættu, þ.m.t. óæskilega lykt og ber að gera viðeigandi ráðstafanir til að koma í veg fyrir mengun með því að nota bestu aðgengilegu tækni og viðeigandi hráefni séu notuð til starfseminnar.

## ÁBENDINGAR

Ábending er sett fram er varðar gæði hráefnis í vinnslu malbiks. Gæta þarf þess að þau hráefni sem notuð eru, séu ekki að gefa frá sér óæskilega og sterka lykt, ein og sér eða við blöndun. Skoða þarf gæði bæði lýsis og biks í því samhengi. Skoða þarf hvort möguleiki sé á að stýra innkaupum inn á hráefni af betri gæðum til að forðast óæskilega lykt frá starfseminni.

## ANNAÐ

Starfsleyfi rekstraraðila gildir til 31. desember 2030, en sótt hefur verið um breytingu á starfsleyfi til stækunar bikstöðvarinnar, fyrir byggingu nýs 3.700m<sup>3</sup> geymis sem bætist við fyrri starfsemi. Hefur rekstraraðili fengið undanþágu til reksturs nýja geymisins til 1. janúar 2021, eða þar til nýtt starfsleyfi hefur verið gefið út, en er það í vinnslu hjá eftirlitsaðila.


Rekstraraðili bendir á að lóð húsanna í hverfinu hafi áður verið olíubirgðastöð og vitað sé til þess að olíumengaður jarðvegur sé til staðar á svæðinu.

Viðstaddir voru einnig Páll Stefánsson fulltrúi Heilbrigðiseftirlits Hafnarfjarðar og Kópavogs, Gísli Eymarsson, Björk Úlfarsdóttir og Sigurður Benedikt Björnsson frá rekstraraðila.

Reykjavík, 05.10.2020

1 Frávirk: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Ábending: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávirk.

  
Guðbjörg Stella Árnadóttir

bls. 4